



Stjórn Bera hf.  
V.t. Bogi Þór Siguroddsson  
Grjóthálsi 7-11  
110 Reykjavík

Reykjavík, 30. apríl 2026

## **Efni: Beiðni hluthafa um að tillaga verði tekin á dagskrá aðalfundar Beru hf. þann 13. maí 2026**

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, hluthafi í Beru hf., leggur hér fram eftirfarandi tillögu sem óskað er eftir að verði tekin á dagskrá aðalfundar og borin upp til atkvæðagreiðslu hluthafa.

### **Tillagan sem óskað er eftir að tekin verði á dagskrá aðalfundar:**

#### *Tillaga um stofnun tilnefningarnefndar*

*„Aðalfundur samþykkir að koma á fót tilnefningarnefnd hluthafa í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa og leggja fram rökstuddar tillögur um frambjóðendur til stjórnar fyrir aðalfundi félagsins, að teknu tilliti til hæfni, reynslu, þekkingar, óhæðis og kynjahlutfallis með hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi. Nefndarmenn í tilnefningarnefnd skuli vera þrír og allir kosnir á aðalfundi. Stjórn félagsins skal útbúa tillögu að starfsreglum tilnefningarnefndar fyrir næsta aðalfund.“*

### **Greinargerð með tillögu**

Tillaga þessi er lögð fram með það að markmiði að efla stjórnarhætti Beru hf. í tengslum við undirbúning stjórnarkjörs á aðalfundum félagsins til framtíðar. Tillagan felur hvorki í sér vantraust á núverandi stjórn né gagnrýni á störf hennar, heldur miðar hún að því að koma á skýrara, gagnsærra og faglegra ferli við undirbúning stjórnarkjörs frá og með aðalfundi 2028. Tillagan er í samræmi við hluthafastefnu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja er tilnefningarnefnd viðurkennt úrræði til að styðja við faglegt mat á stjórnarsamsetningu. Hlutverk slíkrar nefndar er ráðgefandi. Hún leggur fram tillögur til aðalfundar, en aðalfundur kýs eftir sem áður stjórn félagsins. Í leiðbeiningunum er sérstaklega lögð áhersla á að við mat á frambjóðendum sé horft til hæfni,



reynslu, þekkingar, óhæðis og kynjahlutfalls, sem og þarfa og stefnu félagsins. Slíkt fyrirkomulag getur stuðlað að því að stjórn félagsins endurspegli betur þá breidd sjónarmiða og færni sem æskileg er í skráðu félagi.

Tillagan kveður hvorki á um breytingu á stjórnarkjöri á yfirstandandi aðalfundi né raskar hún lögbundnu hlutverki aðalfundar við kjör stjórnar. Markmið hennar er að bæta ferlið til framtíðar, auka gagnsæi og styðja við vandaða og faglega stjórnarhætti í þágu félagsins og hluthafa þess.

Virðingarfyllt,  
f.h. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Arne Vagn Olsen,  
Forstöðumaður eignastýringar  
Rafrænt undirritað